



Reykjavík 13.07.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 7. júlí 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Gufunes, samgöngutengingar

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir samgöngutengingar í Gufunesi. Um er að ræða ca. 20 hektara svæði og er markmið skipulagsins m.a. að festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígtengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Einnig er Hallsteinsgarður og nærumhverfi fest í sessi inn á deiliskipulag o.fl., samkvæmt uppdr. og greinargerð Verkís dags. 24. júní 2021.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisfloksins sitja hjá.
Vísað til borgarráðs.*

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun: Hér er verið að tryggja samgöngutengingar fyrir akandi, gangandi og hjólandi vegna hinnar nýju íbúðarbyggðar í Gufunesi. Jafnframt er verið að festa í sessi Hallsteinsgarð. Stígarnir og vegirnir liggja um fyrirhugað vegstæði Sundarbraut og ljóst að hönnunarvinna vegna hennar mun hafi frekari áhrif á deiliskipulagið þegar fram líða stundir. Hins vegar þarf að tryggja samgöngutengingar inn i hverfið enda fyrstu íbúarnir þegar fluttir inn.

*Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:
Lega Sundabrautar er ekki klár, það er aðalvandinn í þessu máli. Nú á að fara einhverjar bráðabirgðarleiðir sem gætu átt eftir að kosta mikið en verður ekki varanlegt. Vissulega þarf að finna samgöngutengingar. Hér er ekki hægt að hugsa í líkum, hvað mögulega kann að vera. Það er nauðsynlegt að ákvárdar fyrst nákvæma legu Sundabrautar áður en farið er að fjárfesta í dýrum framkvæmdum annars gæti orðið um tvíverknað að ræða. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að hinkrað verði með þessa vinnu til að tryggja að ekki sé verið að sóa fjármagni, út í loftið.*

*Áheyrnarfulltrúi Miðfloksins leggur fram svohljóðandi bókun:
Loksins er Sundabréu komin á dagskrá. Þessi vegtenging var eitt af stóru kosningamálum Miðfloksins í Reykjavík. Ábyrð Reykjavíkurborgar er mikil í málinu og óskiljanlegt að borgarstjóri finni Sundabréu allt til foráttu. Minnt er að á hans vakt var nú síðast farið í blokkaruppbyggingu í Gufunesi í veghelgunarsvæði Sundabrautar og smáhýsin voru reist*



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

í vegstæði hennar. Allt hefur verið gert til að hindra rúmlega 20 ára loforð Samfylkingarinnar um Sundabraud sem var forsenda sameingingar Reykjavíkur og Kjalarness að sögn þáverandi borgarstjóra Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Fyrst var lokað fyrir hagkvæmustu leiðina þegar leyfi var veitt fyrir uppbyggingar á Kirkjusandi, síðar í Vogabyggð og nú síðast í Gufunesi. Öryggismálum í Reykjavík er illa sinnt og lítið gert með rýmingaráætlun borgarinnar. Sundabraud er öryggisventill Reykvíkinga og mikil samgöngubót fyrir landsmenn alla. Meirihlutanum er ekki treystandi. Verið er að kynnar bráðabirgðatengingar frá Gufunesi upp í Grafarvog og eiga þær að vera víkjandi gagnvart Sundabraud. Enn á ný er verið að þrengja að komu Sundabrautar. Borgarfulltrúi Miðfloksins skilur ekki hvers vegna Vegagerðin og ríkið eru ekki löngu búin að gefast upp á samstarfi við hinn svikula meirihluta í Reykjavík.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: uppdr. og greinargerð Verkís dags. 24. júní 2021.